

Reglur

um styrki til félaga og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatts

skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

1. gr.

Bæjarráði Ísafjarðarbæjar er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum, sbr. heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Reglur þessar eru settar með vísan í 2. mgr. 5. gr. laganna.

2. gr.

Félög eða félagasamtök í Ísafjarðarbæ, sem eiga húsnæði þar sem eingöngu fer fram starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttar-, æskulýðs-, tómstunda- og/eða mannúðarstarf, hafa heimild til að sækja um styrk til greiðslu fasteignaskatts. Sé hluti fasteignar notuð til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarrekstur eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði eru fasteignagjöld lögð á m.t.t. slíkrar notkunar og styrkur til greiðslu fasteignaskatts aðeins veittur í hlutfalli við nýtingu húsnæðisins í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

3. gr.

Hámarksstyrkur til hvers félags er kr. 130.000,- á ári, allt að 100% af fasteignagjöldum og holræsagjöldum viðkomandi eignar. Ekki er um að ræða styrki til greiðslu þjónustugjalda svo sem sorphirðu, lóðarleigu og vatnsgjaldi.

4. gr.

Umsóknir um styrki skulu berast í síðasta lagi 28. febrúar það ár sem sótt er um styrk fyrir.

5. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun reglna eða afgreiðslu mála skal málinu vísað til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn 6. desember 2018